

2012

Fimmtudaginn 12. júní 1997.

Nr. 372/1996.

Pór Ómar Jónsson

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

Elvu Ólafsdóttur

Stefáni Hilmarssyni

Ólafi I. Birgissyni og

Snjósporti hf.

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Skaðabætur. Gjaldþrotaskipti. Hlutafélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1996 og krefst þess, að stefndu verði dæmd til að greiða sér óskipt 389.420 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 21. janúar 1995 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, lýsti áfrýjandi forgangskröfu í protabú Brunns hf., og nam hún ásamt vöxtum og kostnaði 921.203 krónum. Krafan var samþykkt, en hún var eina forgangskrafan í búið, sem var eignalaust. Lýst var í búið almennum kröfum, samtals að fjárhæð 25.853.775 krónur.

Áfrýjandi fékk greiddar 531.783 krónur upp í kröfu sína samkvæmt reglum laga nr. 53/1993 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Í máli þessu krefur hann stefndu um greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 389.420 krónur, sem er mismunur upphaflegrar kröfu hans og greiðslunnar úr ábyrgðasjóðnum.

Stefndu krefjast sýknu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er hún studd þeim rökum, að ákvæði 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. girði fyr-

ir, að stefndu sé heimilt að höfða mál þetta í eigin nafni. Ekki verður talið, að þessi sérstaka regla í lögum nr. 21/1991 feli í sér slíka takmörkun á rétti manna til að leita bóta á grundvelli almennra skaðabótareglna. Verður því ekki fallist á sýknukröfu vegna aðildarskorts.

II.

Í héraðsdómi er rakið efni kaupsamnings 30. september 1994 milli Brunns hf. og Snjósports hf., sem þá var enn ekki skráð í Hlutafélagaskrá. Hlutafé í Brunni hf. var að mestu í eigu Birgis Hermannssonar og stefndu Elvu, sem er eiginkona hans. Snjóspori hf. var, þegar atvik málsins gerðust, eign stefnda Ólafs, sem er sonur þeirra hjóna, og stefnda Stefáns, en hann er tengdasonur þeirra. Feðgarnir undirrituðu kaupsamninginn hvor fyrir hönd síns félags. Vottar á samningnum voru stefnda Elva og Jóhann Friðþórsson, sem átti sæti í stjórn Brunns hf. ásamt Birgi, Elvu, Ólafi og Önnu Björk, dóttur Birgis og Elvu.

Af gögnum málsins verður ráðið, að með kaupsamningnum hafi Brunnur hf. selt Snjósporti hf. nánast allar eigur hins fyrrnefnda félags, en þær voru einkum innréttingar verslunarhúsnæðis og vörubirgðir. Auk þess var þar um að ræða skrifstofuhúsgögn og tæki í eigu Brunns hf. Svo sem greinir í héraðsdómi, var söluverð 1.300.000 krónur, og skyldi kaupandi greiða það með 401.672 krónum í reiðufé og með því að taka að sér skuldir við Gjaldheimtuna og tollstjóran í Reykjavík, alls að fjárhæð 898.328 krónur. Í fylgiskjali með samningnum var verð vörubirgðanna talið vera 376.055 krónur. Staðhæfir áfrýjandi, að með kaupsamningnum hafi Brunnur hf. verið gert að eignalausú félagi, án þess að skeytt væri um hagsmuni skuldheimtumanna þess. Bendir hann á, að samkvæmt ársreikningi, sem fylgdi skattframtali Brunns hf. árið 1994, hafi verð vörubirgða félagsins verið talið 16.694.012 krónur 31. desember 1993. Stefndu halda á hinn bóginn fram, að vörubirgðirnar hafi verið lítils virði, enda hafi mikill hluti þeirra verið illseljanleg vara. Þá hafi talsvert af birgðum verið selt í verslun Brunns hf., á meðan hún var enn starfrækt framan af ári 1994. Ekkert mat óvilhallra manna liggur fyrir um verðmæti vörubirgðanna.

Ágreiningslaust er, að skiptastjóri í protabúi Brunns hf. taldi, að

kaupsamningurinn 30. september 1994 væri riftanlegur, en hvorki var að tilhlutan hans né kröfuhafa krafist riftunar á honum eftir reglum laga nr. 21/1991.

III.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, námu eignir Brunns hf. 31. desember 1993 samkvæmt skattframtali 1994 16.808.479 krónum, en skuldir 42.044.636 krónum. Framtalið er undirritað 28. júní 1994. Af skuldunum töldust 33.365.790 krónur vera til skamms tíma, en langtímaskuldir 8.678.846 krónur. Í skýrslu, sem Birgir Hermannsson, framkvæmdastjóri Brunns hf., gaf vegna skiptafundar í þrotabúi félagsins, kveður hann félagið hafa verið algerlega eignalaust, ef frá séu taldar vörubirgðir, sem seldar voru Snjósporti hf. 30. september 1994. Einnig greindi Birgir svo frá í skýrslunni, að árið 1994 hefði verslunarreksturinn dregist stöðugt saman og lítið verið keypt af vörum til verslunarinnar sökum peningaleysis. Í skýrslu Birgis fyrir dómi segir einnig frá greiðsluerfiðleikum Brunns hf. Kemur þar meðal annars fram, að skömmu áður en kaupsamningurinn var gerður, hafði félagið vegna vanskila misst húsnæðið, sem það hafði á leigu fyrir verslun sína. Fyrir dómi viðurkenndi Birgir einnig, að á þessum tíma hefði verið ljóst, að hag Brunns hf. var svo komið, að gjaldþrotaskipti blöstu við.

Ekki orkar tvímælis, að Birgi og öðrum, sem sátu í stjórn Brunns hf., var eða mátti vera ljóst ekki síðar en í september 1994, að félagið gat ekki staðið í skilum við lánardrottna á gjalddaga og engar horfur voru á, að greiðsluörðugleikar félagsins yrðu að baki innan skamms tíma. Var stjórn Brunns hf. því skylt að gefa bú þess upp til gjaldþrotaskipta, áður en hinn umdeildi kaupsamningur var gerður, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991 og 1. mgr. 113. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 með áorðnum breytingum, sbr. nú 1. mgr. 105. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Mæðginin Elva og Ólafur voru bæði í stjórn Brunns hf. á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Með því að ráðstafa eignum hlutafélagsins, eins og hag þess var komið, til félags í eigu stefnda Ólafs og mágs hans, stefnda Stefáns, stofnuðu þau með saknæmum og ólögmætum hætti hagsmunum áfrýjanda og eftir atvikum annarra skuldheimtumanna Brunns hf. í hættu. Eru þau því

skaðabótaskyld vegna þess tjóns, sem áfrýjandi kann að hafa orðið fyrir af þessum sökum.

Stefndi Ólafur átti, eins og áður greinir, sæti í stjórn Snjósports hf. Var hann samkvæmt Hlutfélagaskrá eini stjórnarmaðurinn. Ber það félag því bótaábyrgð á tjóni, sem rekja má til háttsemi stefnda Ólafs í tengslum við samningsgerðina í september 1994.

IV.

Svo sem fyrr segir, var stefndi Stefán Hilmarsson annar af tveimur eigendum hlutafjár í Snjósporti hf. Honum var að vísu kunnugt um, að rekstri verslunar Brunns hf. var lokið eða að ljúka. Hins vegar er ekki sannað, að hann hafi vitað eða mátt vita um, að fjárhag félagsins væri svo illa komið, að skylt væri að gefa bú þess upp til gjaldþrotaskipta. Ekki er heldur nægilega leitt í ljós, að hann hafi af öðrum ástæðum ekki verið í góðri trú um lögmæti kaupsamningsins.

Verður því ekki talið, að stefndi Stefán beri gagnvart áfrýjanda bótaábyrgð eftir sakarreglunni, en við hana styður áfrýjandi skaðabótakröfu sína.

V.

Ekki liggur fyrir, hvert var eðlilegt söluverð hinna seldu eigna Brunns hf. á almennum markaði í september 1994. Verður því ekki fullyrt, hvort eða hversu mikið tjón áfrýjandi hlaut af réttarbroti stefndu Elvu og Ólafs. Þegar hins vegar er litið til þess, að stefndu Elva og Ólafur ráðstöfuðu eignum félagsins á ólögmætan hátt til nákomins ættingja og venslamanns, verður að leggja sönnunarbyrði á stefndu Elvu, Ólaf og Snjósport hf. fyrir því, að hið selda hefði í höndum þrotabúsins ekki nægt til fullnustu forgangskröfu áfrýjanda, sem deilt er um í máli þessu. Þegar litið er til allra atvika að kaupunum, verður að telja líklegt, að þrotabúið hefði getað fengið meira fé fyrir hið selda en nam söluverði samkvæmt margnefndum kaupsamningi. Þykir mega leggja til grundvallar, að höfuðstóll kröfu þeirrar, sem um er deilt, hefði fengist greiddur úr þrotabúi Brunns hf., ef eignum félagsins hefði ekki verið skotið undan með kaupunum í lok september 1994.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti höfðu stefndu uppi andmæli um einstaka liði dómkröfu áfrýjanda. Ekki verður

séð, að andmæli af þessu tagi hafi verið borin fram í héraði. Koma þau ekki til álita fyrir Hæstarétti gegn mótmælum áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndu Elvu, Ólaf og Snjósport hf. skaðabótaskyld og taka dómkröfu áfrýjanda til greina ásamt dráttarvöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum verður þessum stefndu sameiginlega gert að greiða áfrýjanda málskostnað, sem ákveðinn verður í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Rétt þykir, að málskostnaður milli áfrýjanda og stefnda Stefáns falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi Stefán Hilmarsson á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda. Málskostnaður, að því er hann varðar, fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Elva Ólafsdóttir, Ólafur I. Birgisson og Snjósport hf. greiði áfrýjanda, Þór Ómari Jónssyni, sameiginlega 389.420 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 921.203 krónum frá 21. janúar 1995 til 17. maí 1995, af 779.638 krónum frá þeim degi til 3. júlí 1995 og af 389.420 krónum frá þeim degi til greiðsludags, svo og samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 26. og 27. október 1995, og dómtekið 24. f. m.

Stefnandi er Þór Ómar Jónsson, kt. 051167-2019, Nónhæð 2, Garðabæ.

Stefndu eru Elva Ólafsdóttir, kt. 101042-3249, Háaleitisbraut 30, Reykjavík, Stefán Hilmarsson, kt. 260666-4799, Njörvasundi 20, Reykjavík, Ólafur I. Birgisson, kt. 271069-5459, Efstasundi 13, Reykjavík, og Snjósport hf., kt. 431094-2079, Efstasundi 13, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum skaðabætur, að fjárhæð 389.420 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 921.203 kr. frá 21. 1. 1995 til 17. 5. 1995, en af 779.638 kr. frá þeim degi til 3. 7. 1995, en af 389.420 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

2. Brunnur hf. rak verslunina Sportmarkaðinn að Skeifunni 7 í Reykjavík. Eigendur voru hjónin Birgir Hermannsson og stefnda, Elva Ólafsdóttir. Árin 1991-1994 hafði reksturinn gengið afar illa. Í greinargerð stefndu segir, að þau Birgir og Elva hafi misst fasteign sína á nauðungarsölu vegna ábyrgða, sem þau höfðu tekið á sig persónulega vegna Brunns hf. Upplýst var í málflutningi, að bú Birgis Hermannssonar hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta í janúar 1995.

Stefnandi starfaði í versluninni Sportmarkaðinum frá áramótum 1988-1989 til 13. júlí 1989. Hann höfðaði mál gegn Brunni hf. til greiðslu bóta vegna ólögðrar uppsagnar.

Bú Brunns hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 20. janúar 1995 samkvæmt beiðni stefnanda. Með bréfi, dags. 8. mars 1995, var á grundvelli 2. t.l. 1. mgr. og 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti lýst forgangskröfu stefnanda í þrotabú Brunns hf. vegna framangreinds. Krafan nam samtals 921.203 krónum. Hún byggðist á dómi Hæstaréttar 20. september 1994 og var samþykkt af skiptastjóra. Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota greiddi 531.783 krónur af kröfunni. Samkvæmt kröfuskrá var krafa stefnanda eina forgangskrafa, en almennar kröfur námu samtals 25.853.775 krónum.

Dagsetning samþykktar Brunns hf. er 23. 10. 1986, og skipuðu stjórnina skv. fundi 10. 7. 1992 Birgir Hermannsson, stefnda Elva Ólafsdóttir, stefndi Ólafur Ingi Birgisson og Anna Björk Birgisdóttir, öll til heimilis að Háaleitisbraut 30, Reykjavík, og Jóhann Friðþórsson, Leirubakka 22, Reykjavík. Leigusamningi Brunns hf. um verslunarhúsnæði að Skeifunni 7, Reykjavík, var rift 24. september 1994 vegna langvarandi vanskila á húsaleigugreiðslum. Blasti þá við rekstrarstöðvun og gjaldþrot. Stefndi Ólafur Ingi Birgisson stofnaði fyrirtækið Snjósport hf., sem tók við eignum Brunns hf. og viðskiptasamböndum þess, og tók á leigu húsnæði að Skipholti 37 í Reykjavík. Hefur síðan verið rekin þar verslun undir nafninu Sportmarkaðurinn. Dagsetning samþykktar Snjósports hf. er 29. 9. 1994, og er stefndi Ólafur Ingi Birgisson í stjórn félagsins og stefndi Stefán Hilmarsson til vara.

Samkvæmt skattframtali Brunns hf. 1994 námu eignir samtals 16.808.479 krónum, þar af vörubirgðir 16.694.012 krónum, og skuldir samtals 42.044.636 krónum. Við skýrslutöku skiptastjóra af Birgi Hermannssyni, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, upplýstist, að búið var eignalaust. Aðspurður um þróunina í verslunarrekstrinum árið 1994 kvað hann hafa verið um að ræða stöðugan samdrátt og lítið keypt inn af vörum vegna peningaleysis. Þá vís-

aði hann til kaupsamnings, dags. 30. september 1994, sem var undirritaður af Birgi Hermannssyni f. h. Brunns hf. sem seljanda og Ólafi Birgissyni f. h. Snjósports hf. sem kaupanda. Þar segir: „Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa allar innréttingar og tæki Sportmarkaðarins, Skeifunni 7, Reykjavík. Um er að ræða allar hillur og borð, tvo peningakassa, skrifborð, stóla, símtæki og verkfæri. Jafnframt tekur kaupandi við öllum vörum, sem seljandi hefur haft í umboðssölu (notaðar vörur), og tekur að sér sölu þeirra muna og skuldbindur sig til þess að gera skil á andvirði þeirra að frádregnum sölulaunum til eigenda varanna. Fær kaupandi afhenta skrá yfir vörur þessar og nöfn eigenda. Jafnframt fylgir með í kaupunum allur lager Sportmarkaðarins, sbr. meðfylgjandi lista. Vörurnar eru metnar á 376.055 kr., og hefur þá verið tekið tillit til þess, að um „ókúrant“ vörur er að ræða að mestu. Kaupandi tekur á sig allar skuldbindingar seljanda vegna vara, sem pantaðar hafa verið frá Hagan og Lindur í Austurríki, en vörurnar eru ógreiddar í tollvöruhefningu. Þá er kaupanda heimilt að nota nafnið „Sportmarkaðurinn“ á verslun, er hann hyggst opna.“ Kaupverð nam 1.300.000 krónum og var greitt á þann hátt, að kaupandi tók á sig skuldir, samtals að fjárhæð 898.328 krónur, sem voru tryggðar með veðum í hinum seldu innréttingum, og galt í peningum 401.672 krónur.

Með innheimtubréfum, dags. 31. ágúst 1995, var skorað á stefndu Elvu Ólafsdóttur, Ólaf I. Birgisson og Stefán Hilmarsson að greiða kröfu stefnanda vegna framangreinds, samtals að fjárhæð 504.958 krónur.

3. Stefndandi reisir málsókn sína á því, að stjórnendur fyrrgreindra hlutfélaga hafi með eignatilfærslum vísvitandi brotið rétt á sér og gert fullnustumöguleika sína að engu. Brunnur hf. hafi verið gerður að eignalauslu hlutfélagi, án þess að skeytt væri um hagsmuni skuldheimtumanna. Stefndandi telur ljóst, að öllum stjórnendum beggja félaganna hafi verið fullkunnugt um þær aðstæður, sem gerðu samninginn svo ótilhlýðilegan sem raun bar vitni. Hann vísar til þess, að stefndi Ólafur I. Birgisson er sonur og stefndi Stefán Hilmarsson tengdasonur Birgis Hermannssonar og stefndu, Elvu Ólafsdóttur. Þess vegna beri allir þeir, sem fyrir þessum eignatilfærslum stóðu, óskipta fébótaábyrgð á því tjóni, sem af þeim hlaust fyrir stefnanda. Gagnvart stefnda Snjósporti hf. er á því byggt, að það félag hafi auðgast á kostnað stefnanda með þeim löggæringi, sem að framan greinir.

Stefndandi styður kröfu sína almennu skaðabótareglunni með skírskotun til þess, að í henni felist, að sá, sem valdi öðrum manni fjárhagslegu tjóni með saknæmu eða ólögmatu atferli, skuli bæta honum það tjón, sem sé sennileg afleiðing þess.

Kröfufjárhæð er þannig fundin, að frá kröfulýsingarfjárhæð í þrotabú

Brunns hf. eru dregnar greiðslur frá Ábyrgðasjóði launa, 141.565 krónur 17. 5. 1995 og 390.218 krónur 3. 7. 1995.

4. Stefndu telja, að sýkna beri þá vegna aðildarskorts stefnanda, sbr. 130. gr. laga nr. 21/1991 og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndu telja sig ekki hafa bakað stefnanda tjón eða að stefndi Snjósport hf. hafi auðgast á umræddum kaupsamningi; af hálfu stefnanda sé um getgátur einar að ræða. Ofmat á lager í ársreikningi fyrir árið 1993 veiti stefnanda engan rétt, en árið 1994 hafi verið selt nánast allt það, sem seljanlegt hafi verið af honum, en ekkert keypt vegna fjárskorts. Það, sem máli skipti, sé raunverulegt verðmæti þess lagers, sem Snjósport hf. keypti.

Þá er af hálfu stefndu vísað til þess, að stefnandi virðist byggja á því, að hluthafar beri ábyrgð gagnvart kröfuhöfum, ef hlutafélag verði gjaldþrota, en þeir beri einungis ábyrgð með hlutafé sínu.

5. Af hálfu protabús Brunns hf. var hvorki að tilhlutan skiptastjóra né kröfuhafa, þ. á m. stefnanda, gerður reki að því að halda uppi ætluðum hagsmunum, sem tengdust þeim viðskiptum, er um ræðir í máli þessu.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur stefndu Stefán Hilmarsson og Ólafur I. Birgisson og Birgir Hermannsson.

Fram kom, að Stefán Hilmarsson hefði ekki haft nein afskipti af rekstri Snjósports hf. eða stefnda Elva Ólafsdóttir af rekstri Brunns hf. og hvorugt þeirra komið að þeim viðskiptum, sem málsóknin er sprottin af. Hinn 10. júlí 1992 tilkynnti Birgir Hermannsson til Hlutafélagaskrár, að Steingrímur Birgisson hefði látið af störfum hjá Brunni hf. sem framkvæmdastjóri, og afturkallaðist því prókúruumboð hans. Jafnframt var tilkynnt, að hann hefði sagt sig úr stjórn félagsins og að Ólafur I. Birgisson tæki sæti hans. Birgir Hermannsson kvaðst ekki hafa látið Ólaf vita af þessari tilkynningu, og Ólafur kvað sér hafa verið ókunnugt um, að hann væri í stjórn félagsins.

Stefndi Ólafur I. Birgisson og Birgir Hermannsson báru, að vörubirgðir í árslok 1993 hefðu verið taldar á fullu útsöluverði, en á innkaupsverði þeirra við kaup Snjósports hf.

Stefndi Ólafur I. Birgisson kvaðst hafa unnið í versluninni Sportmarkaðnum í nokkur ár, þegar reksturinn stöðvaðist. Hann kvaðst hafa safnað saman fjármagni til umræddra kaupa, vegna þess að hann hefði sóst eftir að hafa starfsgrundvöll við áframhaldandi umboðssölu á notuðum varningi. Hann kvað verðtilboð sitt hafa verið raunhæft; megnið af varningnum hefði verið gamalt og mikið af honum enn óselt.

Birgir Hermannsson kvað vörubirgðir Brunns hf. hafa verið ofmetnar í árslok 1993, og lengst af ársins 1994 eða fram að söluinni til Snjósports hf. hefði verið selt úr honum, oft á hálfu innkaupsverði. Hann kvað vöru-

birgðirnar samkvæmt lista, sem fylgdi við söluna til Snjósports hf., hafa verið oftaldar, og þær hafi verið ósamstæðar og lélegar. Ólafi hafi gengið það til að afla sér atvinnu, og fullyrti hann, að meira hefði fengist við þessa sölu en ef selt hefði verið af skiptastjóra. Hann kvaðst hafa ráðstafað andvirðinu til greiðslu skulda.

Gegn eindreginni neitun stefnda Ólafs I. Birgissonar og Birgis Hermannssonar hefur stefnandi ekki fært sönnur að því, að umrædd viðskipti Brunns hf. og Snjósports hf. hafi verið óhagfelld hinu fyrrnefnda fyrirtæki eða að þau hafi valdið honum tjóni. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu óskipt málskostnað, sem ákveðst alls 125.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Elva Ólafsdóttir, Stefán Hilmarsson, Ólafur I. Birgisson og Snjósport hf., eru sýknuð af kröfum stefnanda, Þórs Ómars Jónssonar.

Stefnandi greiði stefndu óskipt 125.000 krónur í málskostnað.
